

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

### 36. fundur.

að Hlíðavegi 6, 15. 4. 2004, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Hitaveitumál.
3. Bréf landbúnaðarnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frv til jarðalaga 783. mál og frv. til ábúðarlaga 782. mál.
4. Verkefni sumars.
5. Atvinnumál.
6. Erindi Vélsleðaklúbbs Mývatnssveitar, styrkbeiðni.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Þuríður Snæbjörnsdóttir, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

#### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og lagði til að málum 5 og 6 yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

#### 2. Hitaveitumál.

Oddviti vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa liðar. Áslaugur Haddsson tók sæti oddvita.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var sveitarstjóra falið að ráðgast við lögfræðing hitaveitunnar um framhald ágreiningsmála við landeigendur í Vogum.

Lögmaðurinn taldi ráðlegast að skrifa þeim landeigendum sem skuldugir eru við hitaveituna innheimtubréf þar sem óskað verði uppgjors á skuldum við veituna.

**3. Bréf landbúnaðarnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frv til jarðalaga 783. mál og frv. til ábúðarlaga 782. mál.**

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um málið á þessu stigi enda verður málið eflaust flutt að nýju á komandi þingi.

**4. Verkefni sumars.**

Sveitarstjóri upplýsti að samkv. athugun á verði á malbiki kostaði fermeter niðurlagður um 1.500 kr. samkv. gjaldskrá. Því má ætla að kostnaður við malbikun Hlíðavegar sé um kr. 9-10 milljónir.

Kannað verði um lagfæringar á gangstéttum með Hlíðavegi sem víða eru illa farnar. Ennfremur með lagfæringar á lögnum í Hlíðavegi og lagfæringar á götunni í kjölfar þess.

Þá verði kannað um gönguleiðr með Hraunvegi.

**5. Atvinnumál.**

Rætt var um þá stöðu sem blasir við í atvinnumálum í Mývatnssveit í kjölfar ákvörðunar um lokun Kísiliðjunnar.

Samþykkt að óska eftir viðræðum við þingmenn kjördæmisins um þann vanda sem við blasir í atvinnumálum sveitarinnar og héraðsins. Ennfremur verði leitað eftir viðræðum við bæjarstjórn Húsavíkur um sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna í ljósi stöðu atvinnumála.

**6. Erindi Vélsleðaklúbbs Mývatnssveitar, styrkbeiðni.**

Hafnað.

Fleira ekki gert.

Fundi slítið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Þuríður Snæbjörnsdóttir,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.

Áslaugur Haddsson